



Fundargerð

**200. fundur stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs haldinn á fjarfundi,
þriðjudaginn 3. september 2024, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Jón Helgi Björnsson, formaður stjórnar,
Guðrún S. Magnúsdóttir, varaformaður stjórnar,
Soffía Gísladóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurbings,
Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Múlabings,
Sigurjón Andrésón, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Þráinn Ingólfsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Benedikt Traustason, aðalfulltrúi náttúruverndarsamataka,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaganna,
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði
Vatnajökulspjóðgarðs,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Arnheiður Jóhannsdóttir, varaáheyrnarfulltrúi, tilnefnd af ferðamálasamtökum á svæði
Vatnajökulspjóðgarðs,
Ingibjörg Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs,
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, sviðsstjóri stefnu og starfshátta,
Gísli Halldór Halldórsson, sviðsstjóri fjármála og framkvæmda,
Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Höfn.

1. Fundarboð og dagskrá með afbrigðum - 2409013

Vegna aðstæðna var fundarboðun með afbrigðum, 30. ágúst sl. Að sama skapi var mál "2409010 Slys á Breiðamerkurjökli - 25.08.24" tekið á dagskrá með afbrigðum.

Samþykkt.

2. Slys á Breiðamerkurjökli - 25.08.24 - 2409010

Sviðsstjóri á sviði stefnu og starfshátta fór yfir viðbrögð Vatnajökulspjóðgarðs í kjölfar banaslyss á Breiðamerkurjökli 25. ágúst 2024. Unnið hefur verið að málinu á breiðum grunni, með rýni innri ferla og samtals við hlutaðeigandi aðila innan stjórnkerfisins og ferðaþjónustu, fjallamennsku og vísindasamfélags, með það fyrir augum að stuðla að bættu öryggi í ferðaþjónustu í þjóðgarðinum og gagnast vonandi enn fremur á landsvísi.

Á fundi svæðisráðs suðursvæðis sl. mánudag var ákveðið að svæðisráð muni funda vikulega næstu vikurnar, til að fylgja eftir úrvinnslu málsins og öðrum aðkallandi verkefnum. Þá hafa formaður svæðisráðs suðursvæðis og formaður stjórnar tekið virkan þátt í innra starfi þjóðgarðsins frá því að slysið átti sér stað.

Auk framangreinds, var gerð grein fyrir þeirri vinnu sem unnin hefur verið í þjóðgarðinum síðan 2017 í samhengi við innleiðingu samninga við ferðaþjónustufyrirtæki um íshellaferðir og jöklagöngur og varðar m.a. kröfur um öryggismál. Þá var rætt um yfirstandandi vinnu við skilgreiningu á fyrirkomulagi eftirlits og eftirfylgni samningsákvæða. Drög þar að lútandi voru lögð fram til kynningar í júlí sl., verða kynnt á fundi með rekstraraðilum í vikunni og stefnt að því að taki gildi frá og með upphafi næsta tímabils, 1. október n.k.



Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs harmar það hræðilega slys sem varð á Breiðamerkurjökli. Hugur stjórnar er hjá þeim sem eiga um sárt að binda vegna þess. Stjórn vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra viðbragðsaðila sem komu að björgunaraðgerðum og annarra sem lögðu þeim lið.

Stjórn hvetur stjórnendur þjóðgarðsins til að halda áfram vel utan um starfsfólk þjóðgarðsins, en slysið og eftirmálar þess voru þeim eðlilega mikið áfall.

Öryggismál eru þungavigtarmál í þeirri síkviku náttúru sem er megin aðdráttarafli ferðamennsku á Íslandi, sér í lagi þegar farið er um síbreytilegt landslag skriðjökla. Lagaheimildir Vatnajökulsþjóðgarðs ná ekki til þess að loka svæðum í tilfalli stakra náttúruferðamanna í eðlilegri framvindu þeirra, líkt og þróun jökulíss á mismunandi árstímum.

Stjórn dregur í efa að almennur vilji sé til að breyta lögum á þann hátt að veita stöku stofnunum heimildir til lokana á afmörkuðum ferðamannastöðum/svæðum þar sem náttúruleg fyrirbæri eru í eðlilegri framvindu árstíðanna. Vandséð er hvernig það mætti útfæra, án þess t.d. að skerða rétt fólks á eigin vegum til að fara um lifandi náttúru. Stjórn er meðvituð um að jöklaferðamennska er mikilvæg atvinnuvegi sem byggir á náttúruferðamennsku, svo og að íshellaferðir eru í eðli sínu áhættusamar. Hvorki þjóðgarðurinn (né umsjónaraðilar annarra svæða þar sem náttúruferðamennska er stunduð) munu eiga þess kost að kortleggja aðstæður á víðfeðmum skriðjökklum frá degi til dags.

Til þess að megi markaðssetja íshellaferðir sem örugga afþreyingu, er af framansögðu lykilatriði að skýrar kröfur séu settar um öryggismál á grundvelli fagmennsku í fjallamennsku og vísindalegra gilda. Þar veita þungt kröfur um menntun leiðsögumanna, þ.e. að þeir hafi þekkingu til að meta aðstæður á jökli hverju sinni. Í því samhengi fagnar stjórn þeirri vinnu sem unnin hefur verið í þjóðgarðinum varðandi öryggiskröfur til rekstraraðila í íshellaferðum og jöklaferðum. Brátt sér fyrir endann á þeirri vinnu, með eftirfylgni þeirra ákvæða sem fram koma í samningum við ferðaþjónustuaðila í íshellaferðum og jöklaferðum í Vatnajökulsþjóðgarði.

Í samhengi við umræðu um fagmennsku og menntun leiðsögumanna, áréttar stjórn mikilvægi þess að faglega sé staðið að námi í fjallamennsku. Slíkt hefur verið byggt upp í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) með góðum árangri.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að úrvinnslu og samstarfi á þeim nótum sem kynntar voru á fundinum.

Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á austurhluta suðursvæðis vék af fundi.

3. Svæðisráð vestursvæðis - 116 - 2408002F

Formaður svæðisráðs fór yfir fundargerð 116. fundar svæðisráðs vestursvæðis.

4. Svæðisráð norðursvæðis - 110 - 2408001F

Formaður svæðisráðs fór yfir fundargerð 110. fundar svæðisráðs norðursvæðis.

5. Svæðisráð suðursvæðis - 130 - 2407001F

Formaður svæðisráðs fór yfir fundargerð 130. fundar svæðisráðs suðursvæðis.

6. Svæðisráð suðursvæðis - 131 - 2408003F

Formaður svæðisráðs fór yfir fundargerð 131. fundar svæðisráðs suðursvæðis.

7. Rekstur - 2024 - 2401025



Sviðsstjóri fjármála og framkvæmda fór yfir stöðu rekstrar Vatnajökulsþjóðgarðs mánuðina janúar til og með ágúst.

Rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs er innan áætlunar eftir fyrstu átta mánuði ársins og horfur á að svo verði áfram. Viðhaldskostnaður hefur ekki verið gjaldfærður, heldur bókaður á vörur í vinnslu, þessi kostnaður er þó vel innan útgjaldaramma og verður gjaldfærður árslok.

8. Ársreikningur 2023 - 2408034

Sviðsstjóri fjármála og framkvæmda fór yfir ársreikning Vatnajökulsþjóðgarðs 2023.

Á árinu 2023 var ársvelta Vatnajökulsþjóðgarðs kr. 1.549,8 milljónir og afkoma jákvæð um kr. 149,0 milljónir og skýrist afgangur rekstrar fyrst og fremst af aukningu í sértekjum af tjaldsvæðum og bílastæðum umfram það sem áætlað var. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 104,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3.403,5 milljónir.

9. Náttúruverndarstofnun - staða undirbúnings og áhrif á starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs - 2408017

Framkvæmdastjóri og sviðstjóri fjármála og framkvæmda kynntu stöðu undirbúnings að stofnun nýrrar Náttúruverndarstofnunar og áhrif stofnanabreytinga á starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs, sem mun falla undir hina nýju stofnun eins og önnur friðlýst svæði landsins að Þingvallabjörgarði undanskildum. Vatnajökulsþjóðgarður verður áfram til sem sjálfstæð eining og friðlýst svæði með svæðisbundinni stjórn og svæðisráðum eins og áður.

Lagt fram til kynningar.

10. Vonarskarð - Framtíðarskipulag aðgengis - Framlagning gagna - 2312002

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu gagnaöflunar, þar á meðal undirbúningi drónamyndatöku.

Á síðasta fundi stjórnar var ákveðið að taka málið til meðferðar á ágústfundi stjórnar, að lokinni þessari gagnaöflun, með það að markmiði að málið yrði tækt til ákvörðunar á stjórnarfundi í september. Þar sem gagnaöflun er ekki lokið, er málinu frestað um einn fund þannig að málið verði tækt til ákvörðunar í október.

Benedikt Traustason lagði fram eftirfarandi bókun um málið: „Undirritaður leggur áherslu á að verðmæti náttúru í Vonarskarði verði höfð að leiðarljósi við alla umræðu og ákvarðanatöku um næstu skref í málinu.“

Ágúst Elvarsson, fulltrúi ferðamálasamtaka, vék af fundi vegna vanhæfis. Arnheiður Jóhannsdóttir varafulltrúi ferðamálasamtaka kom til fundar í hans stað.

Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á austurhluta suðursvæðis, kom til fundar.

11. Jökulsárlón - fyrirkomulag framtíðar uppbyggingar innviða - umfjöllun um sviðsmyndir - 2408016

Lögð fram að nýju skýrsla Deloitte dags. 14. febrúar 2024 sem unnin var fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið um greiningu á mögulegri aðkomu einkaaðila að uppbyggingu á nauðsynlegum innviðum í þágu náttúruverndar og ferðamennsku við Jökulsárlón. Skýrslan var kynnt ítarlega á fundi stjórnar þjóðgarðsins í apríl sl. og var svæðisráð suðursvæðis jafnframt viðstatt kynninguna. Á sama fundi kynnti fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu



(FASK) sjónarmið heimamanna sem fjallað hafa um hugmyndina í hópi ferðapjónustuaðila. Í ferð stjórnar á svæðið í maí sl. var farið um svæðið og rætt við fulltrúa FASK ásamt fleiri rekstraraðilum.

Fyrir fundinum lá að fjalla um og taka afstöðu til þeirra fjögurra sviðsmynda sem kynntar eru í sviðsmyndagreiningu skýrslunnar. Í skýrslunni eru settar fram fjórar útfærslur/sviðsmyndir á fyrirkomulagi samstarfs ríkisins og einkaaðila við uppbyggingu og rekstur svæðisins og fjallað um kosti hverrar um sig og galla. Umræddar sviðsmyndir eru eftirfarandi:

Sviðsmynd 1: Ríkið stendur að hönnun fasteigna og innviða, og gerir samning við mótaðila um uppbyggingu þeirra. Vatnajökulsþjóðgarður (VJÞ) sér um rekstur fasteigna og innviða, sem og að bjóða út rekstur þjónustu og afþreyingar á svæðinu og mögulega rekstur á bílastæðum og salernum. Eignarhald innviða og fjármögnun hjá ríkinu og ábyrgð á viðhaldi sömuleiðis.

Sviðsmynd 2: Ríkið stendur að hönnun fasteigna og innviða, en mótaðili sér um uppbyggingu, fjármögnun uppbyggingar og viðhald. VJÞ (eða ríkið) leigir aðstöðuna af mótaðila og býður út rekstur þjónustu og afþreyingar á svæðinu. Rekstur bílastæða og salerna annað hvort á hendi mótaðila eða boðinn út sérstaklega. Eignarhald innviða og fjármögnun hjá mótaðila, ríkið hefur kauprétt við lok samningstíma.

Sviðsmynd 3: Mótaðili ríkisins sér um hönnun, uppbyggingu og fjármögnun, sem og viðhald fasteigna og innviða, auk þess að reka þjónustu og afþreyingu innanhúss. VJÞ býður út rekstur þjónustu og afþreyingar utan fasteignarinnar, t.a.m. siglingar og jöklaferðir. Rekstur bílastæða og salerna annað hvort á hendi mótaðila eða boðinn út sérstaklega.

Sviðsmynd 4: Mótaðili ríkisins sér um hönnun, uppbyggingu og fjármögnun uppbyggingar. Mótaðili stendur einnig að rekstri fasteigna og heildarrekstri þjónustu og afþreyingar á svæðinu.

Stjórn telur mikilvægt að þjóðgarðurinn hafi áfram stjórn á þeim þáttum sem snúa að markmiðum hans um umgengni um náttúruna, upplifun gesta, sjálfbæra nýtingu og styrkingu nærsamfélags.

Stjórn tekur undir með svæðisráði og telur sviðsmynd tvö, eða blöndu af sviðsmyndum tvö og þrjú, vera þær leiðir sem mögulegar og raunhæfar eru við uppbyggingu innviða við Jökulsárlón. Þar skiptir máli að þjóðgarðurinn hafi áhrif á það hvernig staðið er að rekstri í fasteignum enda hefur slíkt bein áhrif á að markmið þjóðgarðsins náist. Uppbygging innviða við lónið er aðkallandi og mikilvægt að hún geti orðið að veruleika sem allra fyrst.

Stjórn leggur áherslu á að sú uppbygging innviða sem framundan er við Jökulsárlón, ásamt þróun þeirrar starfsemi sem fyrir er, taki mið af einu af fjórum meginmarkmiðum þjóðgarðsins, sem er að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nærsamfélagi hans og kanni til hlítar hvort hægt sé að ganga til samninga við heimafólk um uppbygginguna.

Arnheiður Jóhannsdóttir og Steinunn Hödd Harðardóttir véku af fundi. Ágúst Elvarsson, fulltrúi ferðamálasamtaka kom til fundar á ný.

12. Skýrsla framkvæmdastjóra 2024 - 2401039

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundi.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.

Fundi slitið kl. 16:10.